



B/t Atvinnuveganefndar

Reykjavík 26. Febrúar 2018

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (útboð viðbótarþorskkvóta.)

Breytingargreinin er stutt og hljóðar upp á að verði þorskkvóti aukinn á fiskveiðiárinu 2018-2019, sbr. 1. mgr. 3. gr., skal ráðherra standa fyrir útboði á viðbótarkvótanum. Ráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur umframkvæmd útboðsins.

Í greinargerð með frumvarpinu er því haldið fram að sveiflur í arðsemi veiða og vinnslu dragi úr líkum á pólitískum inngripum um ákvörðun leiguverðs og útgerðin sjálf ákveði það gjald sem hún telur ásættanlegt. Litlu neðar er bent á að í útfærslu tilboðsleiðar verði auðvelt að taka tillit til byggðasjónarmiða, koma í veg fyrir samþjöppun og virða sérstöðu minni útgerða og „**ef rétt er á málum haldið**“ verði undið ofan af því óréttlæti sem felst í því að ávinningur af hagræðingu innan útgerðarinnar renni í vasa fárra og íbúar sjávarbyggða beri kostnaðinn. Vart er hægt að hugsa sér jafn áberandi og afgerandi áform um pólitísk inngrip í stjórn fiskveiða eins og þeim sem felast í ofangreindum texta.

Spurningunni sem er ósvarað er, hverjir kæmu til með að hafa heimild til að bjóða í „væntanlega“ þorskkvótaaukningu og hverjir ekki, þegar þeir sem telja sig þess umkomna að halda rétt á málum hafa farið sínum „ópólitísku“ höndum um frumvarpið? Tilvitnun í fiskmarkaði sem góðar fyrirmyndir um starfsemi þar sem markaðslausnir ráði ríkjum er vísað á bug þar sem sífellt meiri brögð eru að því að fiskur sé seldur í beinum viðskiptum í gegnum markaði í stað þess að vera boðinn upp eins og lög gera ráð fyrir að gert sé á uppboðsmarkaði.

Félag skipstjórnarmanna leggst alfarið gegn frumvarpinu.

F.h. FS

Árni Bjarnason
formaður

